

Skilmálar korta og áskrifta



ATH. Klifurfélag Reykjavíkur (KFR), sem á og rekur Klifurhúsið, tilheyrir Klifursambandi Íslands (KÍ) og allir korthafar í Klifurhúsinu (að undanskildum þeim sem eru með 10 skipta kort og/eða 1 mánaðar kort) teljast félagsmenn KFR samkvæmt 6. grein laga félagsins og greiða því árlega 2500 kr. félagagjald til KÍ. Félagagjaldið er innifalið í kortum félagsins og með því að kaupa kort í Klifurhúsinu samþykkja félagsmenn að greiða þetta gjald sem gegnir því hlutverki að styðja við og byggja upp klifuríþróttina á Íslandi. Áskriftarkort greiðast mánaðarlega og fást á Sportabler síðu Klifurhússins: www.sportabler/shop/klifurhusid

Hægt er að frysta árskort ef árskortshafinn er að fara erlendis í 3+ mánuði eða vegna meiðsla/veikinda sem koma í veg fyrir ástundun í a.m.k. 1 mánuð.

10 skipta kort gildir í 1 ár.

*Námsmenn þurfa að setja inn mynd af skólaskírteini þegar kort er keypt, lágmarksbinding fyrir slíkt kort er 6 mánuðir og það gildir í 12 mánuði en það er hægt að framlengja það um 12 mánuði með því að senda mynd af endurnýjuðu skólaskírteini.

Að binditíma loknum framlengist kort mánuð fyrir mánuð í takt við gildandi verðskrá og uppsagnarfrestur samninga er 1 mánuður. Uppsögn á samningi fer fram á Abler og er uppsagnarfrestur 1 mánuður.

Klifurhúsið innheimtir gjöld með boðgreiðslum og beingreiðslum í gegnum Aber og er gjald samkvæmt gjaldskrá Klifurhússins að hverju sinni. Gjaldið endurspeglar raunkostnað við stofnun færslu í banka og útsendingu greiðsluseðla. Ógreidd gjaldfallin mánaðargjöld verða send til frekari innheimtu.

Ekki er hægt að fá endurgreiðslu fyrir tímabil sem meðlimur nýtir ekki af einhverjum ástæðum en meðlimi er heimilt að framselja kortið sitt ef hann er skuldlaus. Framsalskostnaður er 3.000 kr.

Netföng nýrra meðlima fara á póstlista Klifurhússins.

Allir sem stunda klifur í Klifurhúsinu gera það á eigin ábyrgð.

Klifurfélag Reykjavíkur